



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 16. október 2018 á Kjóavöllum.

11. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Auður Stefánsdóttir, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hermann Vilmundarson, Sverrir Einarsson, Sigurður Tyrfingsson, Lárus Finnbogason og Magnús Benediktsson framkv.stj.

Ragna Emilsdóttir boðaði forföll.

Á þessum 11. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Farið yfir stöðu fjármála.
3. Sprettur sendi fulltrúa á Landsþing LH sem haldið var á Akureyri 12. og 13. október. Fulltrúar skiptu sér í nefndir.
4. Stjórn Sprettis hefur ákveðið að segja upp þjónustu um losun kara hjá Gámaþjónustunni frá 01. nóvember. Hesthúseigendur þurfa því að semja sjálfir við Gámaþjónustuna. Þessi þjónusta er kostnaðarsöm fyrir Sprett þar sem skrifa þarf út alla reikninga fyrir hvert og eitt hús og innheimta.
5. Leggja þarf ríkari áherslu á að þeir sem nýta sér aðstöðuna á svæðinu séu félagsmenn í hestamannafélaginu Spretti.
6. Framkvæmdarstjóri og gjaldkeri fóru á fund hjá Advania til að kynna sér kerfi til að halda utan um aðgangskerfi og aðgangsstýringu. Kerfið er sett upp með þeim hætti að sett er upp vefsvæði fyrir félagið til að halda utan um aðgangsstýringu. Kerfið er kostnaðarsamt en mjög skemmtilega uppsett og myndi auðvelda margt í utanumhaldi. Ekki var tekið ákvörðun með kaup á þessu kerfi.
7. Aðalfundur Sprettis verður haldinn 15. nóvember.

Fundi slitið kl. 19:30 Fundargerð ritaði Auður Stefánsdóttir